92 3. gr.

6. ágúst Sjóðurinn tekur við gjöfum gamalla nemenda Hjaltalíns og annarra þeirra, er heiðra vilja minningu hans og starf. Nam sjóðurinn 1. jan. 1959 kr. 43502.19, þar af kr. 20000.00, er gamlir nemendur Hjaltalíns frá Möðruvöllum gáfu á 75 ára afmæli skólans.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að verðlauna og styrkja þá nemendur skólans „er skara fram úr öðrum að kunnáttu í íslenzkum fræðum og ensku, því að þessum fræðigreinum unni Hjaltalín mest."

5. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða, en ⅔ árlegra vaxta má verja til verðlauna og styrkja samkv. 4. gr.

6. gr.

Stjórn sjóðsins og varzla skal vera hjá skólameistara Menntaskólans á Akureyri, og skal sjóðurinn ávaxtaður á sem tryggilegastan og arðsamastan hátt. — Reikninga sjóðsins skal birta í skýrslu skólans.

7. gr.

Verðlaun og styrkir úr sjóðnum skulu veittir á kennarafundi í maí, og skulu fastir kennarar einir hafa atkvæðisrétt.

8. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Samþykkt á kennarafundi í Menntaskólanum á Akureyri 22. maí 1959.

93 # AUGLÝSING

22. maí **um staðfestingu á skipulagsuppdráttum af Skildinganesi í Reykjavík og Neskaupstað.**

Samkvæmt lögum nr. 55 27. júní 1921 um skipulag kauptúna og sjávarþorpa, hefur ráðuneytið staðfest eftirgreinda skipulagsuppdrætti:

1. Skipulagsuppdrátt af Skildinganesi í Reykjavík. Uppdrátturinn er staðfestur af ráðuneytinu 19. febrúar 1959.
2. Skipulagsuppdrátt af Neskaupstað. Uppdrátturinn er staðfestur af ráðuneytinu 19. maí 1959.

Félagsmálaráðuneytið, 22. maí 1959.

F. h. r.
Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

SAMÞYKKTIR

94
17. ágúst

fyrir sparisjóð Skagastrandar.

I. Stofnun, nafn, ábyrgð og stjórn sjóðsins.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Sparisjóður Skagastrandar, og skal heimili hans og varnarþing vera Höfðakaupstaður.

2. gr.

Stofnendur sjóðsins eru ábyrgðarmenn hans og skuldbinda þeir sig með undirskrift sinni undir samþykktir þessar til þess að ábyrgjast, að sjóðurinn standi í skilum. Svarar hver ábyrgðarmaður fyrir halla eða tjón, sem sjóðurinn kann að verða fyrir, en hann getur eigi sjálfur staðið straum af. Þó ábyrgist enginn einn meir en kr. 10000.00. Hver ábyrgðarmaður leggur fram við stofnun sparisjóðsins kr. 5000.00 af ábyrgðarupphæð sinni sem stofnfé sjóðsins, en afganginn, þegar stjórn sparisjóðsins kallar eftir því, enda verði við stofnun sparisjóðsins veitt trygging fyrir greiðslu eftirstöðva ábyrgðarfjárins.

3. gr.

Ábyrgðarmenn sjóðsins (eða stofnfjáreigendur) skulu ekki vera færri en 12. Skal stjórninni skylt að gera það, sem í hennar valdi stendur til að sjá um, að ábyrgðarmenn (eða stofnfjáreigendur) verði aldrei færri. Ábyrgð getur eigi fallið niður nema fyrir andlát, burtflutning úr lögsagnarumdæminu, missi fjárforræðis, gjaldþrot, nauðasamninga, eða ef maður verður öreigi á annan hátt. Stofnfjárframlag endurgreiðist eigi fyrr en við löglegt niðurfall ábyrgðar eða samkvæmt heimildinni í 22. gr. laga nr. 69 27. júní 1941.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn. Skulu 2 þeirra kjörnir á aðalfundi úr flokki ábyrgðarmanna (eða stofnfjáreigenda), en 1 af sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu á sama tíma og gildir kosning þeirra allra til eins árs. Hlutfallskosningu skal viðhafa, ef þess er óskað. Stjórnarnefndarmenn má endurkjósa, en hafi þeir setið í stjórninni 4 ár samfleytt, er þeim ekki skylt að taka við kosningu fyrr en að 4 árum liðnum. Stjórnin kýs formann úr sínum flokki. Deyi stjórnarnefndarmaður kjörinn af ábyrgðarmönnum, flytji burt úr héraðinu, eða falli ábyrgð hans niður á annan lögmætan hátt, skal þegar í stað kalla saman fund ábyrgðarmanna og kjósa annan í stað hans fyrir það, sem eftir er af kjörtímabilinu. Deyi stjórnarnefndarmaður, kjörinn af bæjarstjórn eða sýslunefnd, eða verði á lögmætan hátt óhæfur til að gegna stjórnarstörfum, skal tafarlaust beiðast þess að bæjarstjórn eða sýslunefnd kjósi annan í hans stað. Ekki má stjórnin reka eigin lánastarfsemi eða aðra atvinnu, er komið geti í bága við hagsmuni sjóðsins.

Stjórn sparisjóðsins ræður starfsmenn hans og hefur umsjón með öllum framkvæmdum sjóðsins.

Birta skal í blaði því, sem flytur stjórnarvaldaauglýsingar, hverjir séu stjórnendur sjóðsins og starfsmenn, og hverjir geti undirritað kvittanir og aðrar yfirlýsingar, svo að skuldbindandi sé fyrir sjóðinn gagnvart viðskiptamönnum hans.

Stjórnendur sjóðsins bera, einn fyrir alla og allir fyrir einn, ábyrgð á því, að ekkert af fé sjóðsins fari forgörðum fyrir hirðuleysi. Tapist eitthvað af fé sjóðsins fyrir handvömm eða óráðvendni sparisjóðsstjórnar eða einhverra starfsmanna

19. dag septembermánaðar 1959. Ríkisprentsmiðjan Gutenberg.